

bænda
FERÐIR

VESEN Á SKÍÐUM



19. - 26. febrúar 2022
Fararstjóri: Einar Skúlason

Hreyfiferð

Austurríki | Þýskaland

Ferðalýsing

Gönguklúbburinn Vesen og vergangur í samstarfi við Bændaferðir bjóða upp á spennandi skíðaferð til Austurríkis. Ferðinni er heitið til Lanersbach í Zillertal en þar liggur nærliggjandi skíðasvæði í allt að 3250 m hæð yfir sjávarmáli og er því talið eitt af snjóöruggustu skíðasvæðum Austurríkis. Svæðið býður upp á fullkomna skíðagleði á stærsta skíðasvæði í heimi en skíðabrekkur þessa stórsvæðis eru um 535 km, í öllum erfiðleikastigum og gott net er af afbragðs lyftum og kláfum sem ætti að tryggja öllu skíðafólki gott skíðafrí. Gist er á glæsilegu 4* hóteli í austurrískum stíl þar sem innifalið er morgunverðarhlaðborð, síðdegishressing og kvöldverður með mismunandi valmatseðli dag hvern. Á hótelinu er einnig líkamsræktarsalur og góð heilsulind þar sem hægt verður að láta líða úr sér eftir góðan skíðadag. Fararstjóri er með hópnum alla ferðina, gistir á sama hóteli og sér um að skipuleggja skíðaferðir fyrir þá sem það vilja.

8 dagar | 7 nætur í Zillertal



Skíðasvæðið

Skíðasvæðið Zillertal 3000 liggur beint upp frá hótelinu í eingöngu tveggja mínútna fjarlægð með skíðarúttunni. Það samanstendur af skíðafjöllunum Eggalm, Rastkogel, Finkenberg, Penken/Mayrhofen, Ahorn og Hintertux jöklinum. Skíðabrekkurnar á þessu svæði eru um 202 km í öllum erfiðleikastigum og ættu því allir að geta fundið brekkur við sitt hæfi. Svæðið tilheyrir svo einu af fjórum stórskíðasvæðunum í Zillertal sem telja samtals um 535 km. Á Rastkogel svæðinu í Zillertal 3000 er gott byrjenda- og barnasvæði (margar bláar brekkur), en fyrir vant skíðafólk er upplagt að byrja á Hintertux jöklinum og skíða í gegnum „svörtu pönnuna“ alveg niður í dalinn. Einnig er hægt að njóta yndislegs útsýnis þegar skíðað er niður á Penken/Horberg svæðinu. Á svæðinu eru þrjár upplýstar sleðabrekkur og tveir snjóbretta- og „freestyle“ garðar (Van Penken Park sem er einn sá stærsti í Evrópu og Eldorado). Skíðasvæðið liggur frá 630 m upp í 3250 m yfir sjávarmáli og telst því til snjóöruggustu svæða Austurríkis.



Einar, fararstjóri ferðarinnar, mun aðstoða samferðamenn við að leigja skíði, kaupa skíðapassa og fara í skíðakennslu við hæfi. Fyrir þá sem vilja, mun hann einnig skipuleggja skíðaferðir um svæðið þar sem hægt er að fylgja honum hluta úr degi eða allan daginn. Hann mun síðan að sjálfsgöðu gera eitthvað skemmtilegt með hópnum. Þess má geta að skíðapassinn gildir einnig fyrir þrjú nærliggjandi skíðasvæði (Hochzillertal-Hochfügen-Spieljoch, Zillertal Arena og Mayrhofner Bergbahnen) og verður farið í eina eða tvær hópferðir á þau svæði. Heildarvegalengd skíðabrekkna í boði er því um 535 km og lyfturnar um 180 talsins.

Hótelíð

Hotel Tirolerhof Tux er glæsilegt 4* alpahtel. Hótelíð er heimilislegt, í tírólastíl og eru öll herbergin bún sérbaðherbergi með sturtu/baðkari, sjónvarpi, útvarpi, öryggishólfi, hárpurrku og síma. Baðsloppar eru á herbergjum. Á hótelinu er einnig líkamsræktarsalur og glæsileg heilsulind með nýlegri þaksundlaug þar sem gott er að slappa af eftir góðan dag í fjöllum. Eins er boðið upp á setustofu þar sem hægt er að tefla, drekka kaffi og ylja sér við arineld. Á hótelinu er góður veitingastaður ásamt bar og kaffistofu. Hótelíð er staðsett í bænum Lanersbach og er útsýnið magnað í allar áttir. Um 15 mínútna ganga er í miðbæinn og í næstu verslanir en leiðin þangað er eftir falletgri, upplýstri göngubraut meðfram bæjarlæknum. Einungis tekur það skíðarúttuna 2 mínútur að keyra frá hótelinu að helstu skíðalyftunum í dalnum. Fyrir þá sem vilja fara upp á jökulskíðasvæðið, gengur frí skíðarúta á 15 mínútna fresti upp að lyftu og tekur sú ferð u.þ.b. 15 mínútur. Einnig er hægt að taka rúttuna að hinum skíðasvæðunum sem tilheyrast skíðapassanum. Nánar á [vefsíðu hótelsins](#).



Flugið

Flogið verður með Icelandair til München þann 19. febrúar. Brottför frá Keflavík kl. 7:20 en mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst fyrir brottför. Lending í München kl. 12:05 að staðartíma. Frá flugvællinum í München eru um 180 km til Zillertal svo gera má ráð fyrir að rútuferðin taki um 2,5 klst. Á brottfarardeggi leggjum við snemma af stað út á flugvöll og síðan er flogið heim kl. 13:05 frá München. Lending á Íslandi kl. 16:00.

Verð

259.900 kr. á mann í tvíbýli | 28.800 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Ferðir á milli flugvallarins í München og hótelsins í Zillertal.
- ✓ Gisting í herbergi með baði á fjögurra stjörnu hóteli.
- ✓ Morgunverðarhlaðborð.
- ✓ Síðdegishressing.
- ✓ Fjögurra rétta kvöldverður af valmatseðli ásamt salatbar, þar af 1x hlaðborð eða fondue-kvöld.
- ✓ Aðgangur að öllu því sem heilsulindin hefur upp á að bjóða.
- ✓ Aðgangur að líkamsræktarsal.
- ✓ Frítt í skíðarúttuna.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Aukagjald fyrir skíði í flug, 4.700 kr. á fluglegg.
- ✓ Skíðapassi (6 daga skíðapassi fyrir fullorðinn ca € 277).
- ✓ Forfalla- og ferðatrygging.